

Skýrsla stjórnar til aðalfundar Hvanneyrarbúsins ehf 29. ágúst 2018

Frá síðasta aðalfundi félagsins hafa verið haldnir tveir formlegir stjórnarfundir;

7. desember 2017


18. apríl 2018

Á fundi stjórnar þann 18. apríl sl. tók Baldur Helgi Benjamínsson, búfjárefndafræðingur við stjórnarformennsku í stað Þóroddar Sveinssonar sem gekk úr stjórn að eigin ósk. Ólöf Ósk Guðmundsdóttir, námsbrautarstjóri Búfræðibrautar, kom þá einnig í stjórn í stað Auðar Magnúsdóttur sem hefur látið af störfum hjá Landbúnaðarháskólanum. Auk þeirra sem þegar eru taldir situr Pétur Diðriksson, bóndi á Helgavatni í Þverárhlið í stjórn félagsins. Bústjóri er Egill Gunnarsson og fjósameistari er Hafþór Finnbogason. Hafsteinn Ingi Gunnarsson er sumarstarfsmaður og sér um afleysingar á búinu. Fundargerðir stjórnarfunda hafa verið birtar á heimasíðu Landbúnaðarháskólans, lbhi.is. Milli funda hafa stjórnarmenn og bústjóri átt í samskiptum vegna málefna sem varða félagið, rekstur þess og framtíðarhorfur.

Tilgangur félagsins er að reka á hagkvæman hátt kúabú á Hvanneyri í þágu kennslu og rannsóknastarfs Landbúnaðarháskóla Íslands. Innlögð mjólk árið 2017 var 540.994 lítrar með 3,85% fitu og 3,18% próteini, mfm líftölu var 19 og mfm frumutölu 169. Árskýr á búinu voru 73,1 sem að meðaltali skiluðu 8.180 kg mjólkur, með 3,79% fitu og 3,23% próteini. Búið er hið 6. afurðahæsta á landinu, mælt í kg mjólkur/árskú. Tún, engjar og grænófóðurakrar eru um 170 ha.

Rekstur félagsins gekk vel á árinu 2017 og var í samræmi við áætlanir sem stjórnendur þess lögðu upp með. Heildartekjur félagsins voru 83,7 m.kr. og jukust lítillega frá fyrra ári. Vegna góðrar afkomu undangengna tveggja rekstarára virkjaðist ákvæði ráðningarsamnings bústjóra um ráðstöfun á 25% af hagnaði árána 2016 og 2017 í árangurstengdar greiðslur til fastráðinna starfsmanna félagsins. Þá var breyting vegna orlofsskuldbindinga félagsins við starfsmenn gjaldfærð. Að teknu tilliti til þessa var hagnaður félagsins 3,1 m.kr árið 2017. Áætlun þessa árs gerir ráð fyrir áframhaldandi góðu jafnvægi í rekstri félagsins og auknum fjárhagslegum styrk þess. Enn er þó langt í land með að eiginfjárstaðan nái því sem lagt var af stað með í upphafi, árið 2009.

Eigið fé félagsins jókst talsvert á árinu og var það 21,2 m.kr. í árslok 2017. Vegna uppsafnaðs taps fyrri ára greiðir félagið ekki tekjuskatt fyrir árið 2017 en í árslok var upphæð þess 45 m.kr. Frá því að rekstur félagsins var færður í núverandi horf árið 2015 hefur afkoma og eiginfjárstaða þess þróast með jákvæðum hætti, eins og sjá má á myndunum hér að neðan.



Félagið lagði í talsverðar fjárfestingar á árinu, aðal dráttarvél búsins var endurnýjuð og önnur notuð dráttarvél var keypt, ásamt afrúllara og ýmsum öðrum tækjum, notuðum og nýjum. Áfram var unnið af krafti í jarðabótum og endurræktun Hvanneyrarjarðarinnar. Á undanförunum tveimur árum hefur verið hreinsað upp úr 6,1 km af skurðum, 14,5 ha hafa verið kýfðir og annað eins verið kíplægt. Legubásamottur í fjósi hafa verið endurnýjaðar. Félagið uppfyllir áfram skilyrði Auðhumlu svf. um Fyrirmyndarbú. Á fagþingi nautgriparæktarinnar sem haldið var sl. vor, veitti fagráð í nautgriparækt Hvanneyrabúinu ehf viðurkenningu fyrir besta kynbótanautið í árgangi 2010. Var það nautið Úranus 10081, sem fæddur var á Hvanneyri 21. nóvember 2010, undan Urði 1229, Laskadóttur og Síríus 02032.

Á árinu 2017 var hafinn undirbúningur að endurnýjun á mykjugeymslu við fjósið og verður nýr 2.300 rúmmetra mykjutankur reistur á næstu dögum. Landbúnaðarháskólinn greiðir stofnkostnað við tankinn og er tilkoma hans mikið framfaraskref í umhverfismálum, betri nýtingu næringarefna, bættri vinnuástöðu starfsmanna og jákvæðri ásýnd búsins.

Undanfarið hafa verið viðraðar hugmyndir í þá átt að sameina að nýju rekstur fjárbúsins á Hesti við Hvanneyrabúinu ehf. og hafa forsvarsmenn skólans og forsvarsmenn félagsins fundað um málið. Niðurstaðan er sú að leita annarra lausna á málefnum Hestbúsins en að sameina það við Hvanneyrabúinu ehf.

Í samstarfssamningi við LbhÍ frá 2015 er gert ráð fyrir að skólinn greiði félaginu fasta upphæð fyrir þjónustu við kennslu og rannsóknir. Umfang þjónustunnar hefur þó aukist meira en gert var ráð fyrir í upphafi þegar að samstarfssamningurinn var undirritaður. Af þeim sökum hafa bústjóri og formaður stjórnar fundað með rektor til að óska eftir endurskoðun á þjónustugjöldum í samræmi við aukið umfang þjónustunnar. Það mál er enn óafgreitt og telur stjórn afar brýnt að niðurstaða fáiast í málið hið fyrsta.

Að mati stjórnar er mikilvægt að á vettvangi félagsins sé sífellt hugað að nýjum leiðum til að rekstur þess komi skólanum og landbúnaði hér á landi að sem mestu gagni.

Stjórnin vill að lokum þakka starfsmönnum samstarfið á árinu og óska þeim til hamingju með góðan árangur í rekstri búsins. Jafnframt er fráfarandi stjórnarmönnum þökkúð góð og ötul störf í þágu félagsins.

Eyjafirði, 28. ágúst 2018, f.h. stjórnar
Baldur Helgi Benjamínsson, stjórnarformaður.